

## Launa- og jafnlaunastefna Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

### Launastefna

Markmið Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er að búa starfsfólki sínu góð launakjör, starfsskilyrði og starfsaðstöðu svo að Tilraunastöðin geti ráðið til sín og haldið hæfu starfsfólki í samkeppni við önnur fyrirtæki og stofnanir á innlendum og erlendum vinnumarkaði.

Laun skulu ákvörðuð á grundvelli hlutlægra og gagnsærra mælikvarða. Launakerfi skal tryggja samræmi í ákvörðun launa og réttláta launaröðun starfsfólks.

Stjórn Tilraunastöðvarinnar og forstöðumaður bera, sem æðstu stjórnendur, ábyrgð á launastefnunni. Framkvæmdastjóri, í umboði framangreindra aðila, ber ábyrgð á því að launastefnunni sé framfylgt og að starfsfólk og stjórnendur Tilraunastöðvarinnar þekki til stefunnar.

### Jafnlaunastefna

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur það að markmiði að tryggja öllu starfsfólki sínu jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Skal þess sérstaklega gætt að starfsfólki sé ekki mismunað í launum vegna kynferðis eða annarra ómálefnalega ástæðna.

Til þess að ná því markmiði mun Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum gera eftirfarandi ráðstafanir:

- Fylgja þeim lögum og reglum sem í gildi eru hverju sinni og snúa að þeirri meginreglu að greidd séu jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni.
- Innleiða vottað jafnlaunakerfi í samræmi við gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfinu og tryggja stöðugar umbætur.
- Láta gera launagreiningu einu sinni á ári til þess að kanna hvort kynbundinn launamunur sé til staðar og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Setja verklagsreglur um viðbrögð við óútskýrðum launamun.
- Láta fara fram árlega rýni æðstu stjórnenda á hlítinu við lög og reglur um jafnlaunakerfi.
- Sjá til þess að starfsfólki sé hverju sinni kunnugt um launastefnu og jafnlaunastefnu Tilraunastöðvarinnar og gæta þess að stefnurnar séu aðgengilegar bæði starfsfólki og almenningi.

Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

*Launa- og jafnlaunastefnan var samþykkt á stjórnarfundum Tilraunastöðvarinnar 3. desember 2019. Á stjórnarfundum Tilraunastöðvarinnar 16. nóvember 2021 var stefnan rýnd og lagfærð lítillega.*